

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

15. janúar 2004

Efni: Umsögn SVÞ um frumvörp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 342.mál, einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES- reglur, og 343.mál, gjald af áfengi og tóbaki, tóbaksgjald.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þessi frumvörp um breytinga á lögum nr.63/1969, um verslun með áfengi og tóbak og nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

Reifun máls


Frumvarpið um verslun með áfengi og tóbak miðar að því að samræma lögin EES-samningnum og fella niður einkarétt ÁTVR til innflutnings á tóbaki. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að ÁTVR hafi einkarétt á heildsölu tóbaks hér á landi. Hitt frumvarpið um gjald af áfengi og tóbaki, sem lagt er fram samhliða þessu gerir ráð fyrir að ÁTVR leggi áfram á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörur sem fluttar hafa verið til landsins eða framleiddar hér á landi.

Tilvist ÁTVR og það kerfi sem hér er lagt til stangast í öllum grundvallaratriðum á við þá megin stefnu SVÞ, að afnema eigi allan verslunarrekstur á vegum ríkisins og leggja þar með niður ÁTVR. Þetta er reyndar vilji stjórnarflokkana á Alþingi Íslendinga miðað við svör þeirra við spurningum um þetta efni fyrir síðustu kosningar til Alþingis. Þar kom fram hjá Sjálfstæðisflokki að "Leggja skal niður ÁTVR þegar í stað og selja eignir þess. Selja skal áfengi eftir reglum sem Alþingi setur". Framsóknarflokkurinn segir skiptar skoðanir innan flokksins og t.a.m. ræði ungliðar hans um að selja léttvín og bjór í matvöruverslunum. Ákvörðun hafi þó ekki verið tekin. SVÞ telja að þingmenn ættu að sameinast um að leggja ÁTVR niður og losa það mikla fjármagn sem þar er bundið í eignum og rekstri og beina því til gagnlegri verka fyrir samfélagið.

Umsögn

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu eru samkvæmt framansögðu ekki meðmælt samþykki þessara frumvarpa enda þótt benda megi á atriði sem í þeim eru og fælu í sér úrbætur miðað við óbreytt sölukerfi tóbaks. En áður nefnd grunnafstaða og stuðningur stjórnarflokkana móta afstöðu samtakanna.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri